



Bæjarstjórn Garðabæjar 17. (969)/2025

Boðað er til 17. (969). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 4. desember 2025 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2511029F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/11 '25.

2010078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.

2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi.

2305550 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Nýhöfn 1-5, breyting á bílastæðum.

2510434 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Nýtt aðalskipulag Hafnarfjarðar 2025-2040, nr. 1446/2025 -Lýsing.

2511417 - Samkomulag um Vífilsstaði.

2511168 - Viðauki um samræmda móttöku flóttafólks.
2. 2511039F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/12 '25.
3. 2511023F - Fundargerð leikskólanefndar frá 19/11 '25.
4. 2511030F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 21/11 '25.
5. 2511027F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 21/11 '25.
6. 2511031F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 26/11 '25.
7. 2511007F - Fundargerð velferðarráðs frá 21/11 '25.
8. 2511020F - Fundargerð öldungaráðs frá 24/11 '25.
9. 2501538 - Fundargerð heilbrigðiseftirlits frá 24/11 '25.



10. 2501149 - Fundargerð stjórnar SSH frá 17/11 '25.
11. 2502040 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæðanna frá 19/11 '25.
12. 2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar - seinni umræða.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
16. (968). fundur 2025

Fimmtudaginn 20. nóvember 2025 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Stella Stefánsdóttir varabæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Guðfinnur Sigurvinsson bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi og Guðlaugur Kristmundsson bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Margrét Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 6. nóvember 2025 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2511006F - Fundargerð bæjarráðs frá 11/11 '25.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 1.tl. 50 ára afmæli Garðabæjar 2026.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 1.tl. 50 ára afmæli Garðabæjar 2026.

Björg Fenger ræddi 1.tl. 50 ára afmæli Garðabæjar 2026 og fundargerðina og óskaði Garðabæ til hamingju með að vera orðið barnvænt samfélag.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 1.tl. 50 ára afmæli Garðabæjar 2026 og fundargerðina og óskaði Garðabæ til hamingju með að vera orðið barnvænt samfélag.

Ingvar Arnarson ræddi 1.tl. 50 ára afmæli Garðabæjar 2026 og 3.tl. hönnun - útboð - gervigras.

Guðfinnur Sigurvinsson ræddi 1.tl. 50 ára afmæli Garðabæjar 2026 og 4.tl. bílastæðasjóð Garðabæjar.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. 50 ára afmæli Garðabæjar 2026, fundargerðina og óskaði Garðabæ til hamingju með að vera orðið barnvænt samfélag, 3.tl. hönnun - útboð - gervigras, 9.tl. erindi SSH til Alþingis um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og 4.tl. bílastæðasjóð Garðabæjar.

Fundargerðin sem er 9.tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2511018F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/11 '25.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 4.tl., erindi UMFÍ um áskoranir og hvatningar til ríkis og sveitarfélaga.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. fjárhagsáætlun Garðabæjar. Gerði hann grein fyrir tillögu um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2026.

Guðfinnur Sigurvinsson ræddi 3.tl. bílastæðasjóð Garðabæjar.

Fundargerðin sem er 6.tl. er samþykkt samhljóða.

2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029)

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2026.

"Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 14,71% á tekjur

manna á árinu 2026 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24.gr. laganna.

Samþykkt bærstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2025, samkvæmt 2.mgr. 24.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995."

Tillagan samþykkt samhljóða.

2505510 - Bílastæðasjóður Garðabæjar

Bærstjórn staðfestir samþykktir um bílastæðasjóð.

3. 2510019F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 13/10 '25.

Stella Stefánsdóttir ræddi 1.tl. rekstur 2025, 3.tl. aðsóknartölur 2025 og fundargerðina.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 2511013F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 12/11 '25.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi fundargerðina og óskaði hann fyrir hönd bærstjórnar ungmennum, ungmennaráði og bæjarfélaginu til hamingju með að Garðabær sé orðið barnvænt samfélag, 1.tl. Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar janúar 2026, 2.tl. þarfagreiningu um íþróttasvæði í og við Miðgarð, 3.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu og 4.-19.tl. umsóknir um ferðastyrki íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 3.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu.

Brynja Dan Gunnarsdóttir ræddi 2.tl. þarfagreiningu um íþróttasvæði í og við Miðgarð og 3.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. þarfagreiningu um íþróttasvæði í og við Miðgarð og 3.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu.

Almar Guðmundsson ræddi 3.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2511012F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 13/11 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2511015F - Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Garðabæjar frá 14/11 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2511010F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 12/11 '25.

Stella Stefánsdóttir ræddi 1.tl. mengunarmælingar 2025, 2.tl. útikennslu í friðlandi Vífilsstaðavatns 2025 og 3.tl. rannsókn á lífríki Vífilsstaðavatns.

Ingvar Arnarson ræddi 2.t. útikennslu í friðlandi Vífilsstaðavatns 2025 og 1.tl. mengunarmælingar 2025.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. mengunarmælingar 2025 og 2.tl. útikennslu í friðlandi Vífilsstaðavatns 2025.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2501149 - Fundargerð stjórnar SSH frá 3/11 '25.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 4.tl. aðalfund SSH 2025, 5.tl. forkönnun á sameiginlegum innkaupavef sveitarfélaga innan SSH - sóknaráætlun 2024 og 7.tl. almyrkva á sólu 12. ágúst 2026.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 7.tl. almyrkva á sólu 12. ágúst 2026.

Almar Guðmundsson ræddi 7.tl. almyrkva á sólu 12. ágúst 2026.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2501492 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 7/11 '25.

Björg Fenger ræddi 1.tl. Reykjavík Sundabraut - aðalskipulagsbreyting og umhverfismat.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2506043 - Kosning fulltrúa í fastanefndir

Gerð tillaga um að Tinna Borg Arnfinnsdóttir (C) verði kjörin varamaður í leikskólanefnd í stað Benedikts D. Valdez Stefánssonar (C).

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 20. nóvember 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 20. nóvember 2025 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir

Þórgunnur

Þorjón Þorvaldsson

Elka Elfa

Þorsteinn Þorsteinsson
Guðmundur Guðmundsson

Þorsteinn Þorsteinsson

Þorsteinn Þorsteinsson

Harður Þorsteinsson

Ólafur Ólafsson

Árni Árnason

Bæjarráð Garðabæjar
43. (2191). fundur 2025

Þriðjudaginn 25. nóvember 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029)

Sviðsstjóri umhverfissviðs gerði grein fyrir tillögu að gjaldskrá sorpgjalds sem byggir á því að íbúar greiði samkvæmt gjaldskrá raunkostnað fyrir þjónustu við losun heimilisúrgangs, sbr. lög 103/2021 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir helstu breytingum á gjaldskrá.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir drögum að framkvæmdaáætlun fyrir árin 2026-2029.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir helstu breytingum sem orðið hafa á fjárhagsáætlun frá fyrri umræðu um fjárhagsáætlunina sem fram fór í bæjarstjórn þann 6. nóvember 2025.

Gert er ráð fyrir að á fundi bæjarráðs 2. desember nk. verði lagðar fram tillögur að breytingum ásamt frumvarpi að fjárhagsáætlun með breytingum. Síðari umræða um fjárhagsáætlun er fyrirhuguð á fundi bæjarstjórnar 4. desember nk.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir þessum lið.

2. 2509343 - Skólabraut 5 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Garðabæ, kt. 57016-6109, leyfi fyrir færanlegum kennslustofum, staðsettum við norðurhlið Hofstaðaskóla.

3. 2010078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 21. nóvember 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis. Tillagan hefur verið í mótun undanfarna mánuði í samráði við ábúendur í Garðahverfi.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsupphætti:

Almennar breytingar:

- Afmarkaðar eru lóðir utan um núverandi byggingar á svæðinu.
- Nýjum lóðum fjölgað alls um 6 á eftirfarandi býlum: Katrínarkoti, Hlíð, Miðengi, Görðum, Nýjabæ og Eystri-Dysjum.
- Nýjar lóðir verða um 900 m², staðsetningu og lögun lóða og byggingarreita er breytt í kjölfar samráðs eða vegna fornminja.
- Heimreiðum að nýjum lóðum er breytt.
- Stígar og aðgengi:
 - Bætt öryggi og aðgengi gangandi á gatnamótum Garðavegar og Garðaholtsvegar.
 - Hraðalækkandi aðgerðir og göngubætur eru tilgreindar á uppdrætti á þessu svæði.
 - Afmörkuð er á uppdrætti göngubætur fyrir hraðalækkandi aðgerðir þar sem göngustígur þverar Garðaveg hjá Garðakirkju.
 - Bætt er við stofnstíg samhliða Garðavegi og Garðaholtsvegi í samræmi við aðalskipulag.
 - Gönguleið meðfram Garðavegi breytt í tengistíg í samræmi við flokkun í aðalskipulagi.
 - Flokkun stígsins meðfram ströndinni í Garðahverfi er breytt til samræmis við flokkun hans í aðalskipulagi sem útivistarstíg. Afmörkuð er á uppdrætti göngubætur fyrir hraðalækkandi aðgerðir við upphaf sama stígs við Aukatjörn.
- Grænigarður, Garðar, Garðaholt og Krókur:
 - Afmörkun deiliskipulagssvæðisins er breytt þannig að hún nær einnig yfir gömlu bæjartorfunu Höll.
 - Afmörkuð er lóð við húsið Grænagarð.
 - Aðkoma að Grænagarði frá kjarna Garðaholts er skilgreind á uppdrætti og bætt við leiðbeinandi legu stíga innan garðsins. Þá er skilgreindur byggingarreitur innan Grænagarðs með skilmálum fyrir lítil mannvirki sem tengjast starfsemi og rekstri almenningsgarðs s.s. fyrir áhaldageymslu, garðhýsi eða annað.
 - Gert er ráð fyrir minjasvæði milli Garðakirkju og íbúðarhúss í Görðum.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsgreinargerð:

- Sett eru ákvæði um smáhýsi á lóðum.
- Hámarksgrunnflötur nýrra íbúðarhúsa verður 100 m² í stað 80 m².
- Bætt er við ákvæðum um þakgerð, gerð kvista, matjurtargarð, girðingar ofl.
- Bætt er við ákvæði um að skipulagsnefnd sé heimilt að víkja frá einstökum ákvæðum skilmála ef færð eru góð rök fyrir því að útfærslan virði einkenni byggðarinnar og markmið deiliskipulagsins.
- Kvöðum um fornleifar er breytt.
- Kvöðum um einstök býli breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsuppdrætti.
- Kvöðum og umfjöllun um Grænagarð er breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsuppdrætti og á aðalskipulagsuppdrætti.

Skipulagsnefnd samþykkti með þremur atkvæðum að vísa breytingartillögu til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslagslaga nr. 123/2010 og sbr. 1. mgr. 43. gr. sömu laga.

4. **2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 21. nóvember 2025 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðaholts og er í samræmi við tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis. Tillaga að breytingu gerir ráð fyrir landnotkun fyrir samfélagsþjónustu á lóð Grænagarðs í samræmi við hugmynd um skólustarfsemi á lóðinni.

Skipulagsnefnd samþykkti með þremur atkvæðum að vísa tillögunni með ofangreindri breytingartillögu til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 36. gr. og 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynna skal tillögu samhliða tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis.

5. **2305550 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Nýhöfn 1-5, breyting á bílastæðum.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 21. nóvember 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Sjálands sem nær til lóðarinnar Nýhöfn 1-5 og svæðis vestan við lóðina að lokinni auglýsingu ásamt athugasemd sem borist hefur.

Athugasemd lýtur mest að atriðum sem varða umferð og yfirborðsútfærslu gatna og gatnamóta. Skipulagsnefnd taldi að mögulegt væri að gera einhverjar úrbætur sem kalli þó ekki á breytingu deiliskipulags. Skipulagsnefnd taldi að ekki væri svigrúm til þess að fella út bílastæði úr deiliskipulagi til að koma til móts við sjónarmið um greiðfærari götu í Löngulínu enda varðar það grundvallar hugmynd deiliskipulagsins.

Skipulagsnefnd vísaði athugasemd til umhverfissviðs til skoðunar.

Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna óbreytta frá auglýstri tillögu sem breytingu á deiliskipulagi Sjálands í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. 2510434 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Nýtt aðalskipulag Hafnarfjarðar 2025-2040, nr. 1446/2025 - Lýsing.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 21. nóvember 2025 varðandi tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, sem hefur verið vísað til forkynningar.

Embættismenn og ráðgjafar Garðabæjar og Hafnarfjarðar hafa undanfarið verið í gagnlegu samráði vegna tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar sem nær til stígakerfis sem er því í mótun beggja vegna sveitarfélagsmarka.

Garðabær ítrekar þær athugasemdir sem skipulagsstjóri Garðabæjar gerði við tillögu að breytingu Aðalskipulags Hafnarfjarðar og nær til Hrauns vestur en þar segir m.a.:

"Þær skipulagsbreytingar sem boðaðar eru í tillögu að rammahluta aðalskipulags Hafnarfjarðar sem nær til Hrauna vestur eru mjög umfangsmiklar svo vægt sé til orða tekið. Garðabær telur jákvætt að byggðin styrki áform um öflugar almenningssamgöngur um samgöngu- og þróunarás um Hafnarfjarðarveg en hefur um leið áhyggjur af stöðu mála hvað áhrif á umferðarkerfi varðar. Á meðan að ekki liggur fyrir stefna um útfærslur á stofnbrautakerfinu sem tengir saman Hafnarfjarðarveg, Álftanesveg, Reykjanesbraut og Flóttamannaveg er erfitt að taka afstöðu til þátta eins og byggingarmagns, íbúðafjölda, umferðarflæðis og landnotkunar almennt. Tekið er undir tillögu svæðisskipulagsnefndar um að áhersla sé lögð á mikilvægi þess að í komandi skipulags- og uppbyggingarferli sé virkt samtal við Vegagerðina og nærliggjandi sveitarfélögum um hönnun og útfærslu aðgerða sem líklegar eru til að draga úr álagi skv. samgöngumati."

Skipulagsnefnd hefur ekki frekari ábendingar á þessu stigi en áskilur sér allan rétt til þess að gera það á síðari stigum aðalskipulagsferlis.

7. 2511417 - Samkomulag um Vífilsstaði.

Kynnt minnisblað um skipulag og enduruppbyggingu Vífilsstaða, ásamt drögum að samkomulagi milli Fjármála- og efnahagsráðuneytisins fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands og Garðabæjar um framtíðarþróun eigna og lóða á Vífilsstöðum.

Á grundvelli samkomulagsins hafa aðilar ákveðið að vinna sameiginlega að frekari þróun og enduruppbyggingu á svokölluðum Vífilsstaðareit.

Fyrst um sinn verður lögð áhersla á að ganga frá deiliskipulagi fyrir afmarkaðar lóðir sem nær yfir Spítalaveg 1-3, sem endurskipulagt verður undir verslunar- og þjónusturými með möguleikum á viðbótaruppbyggingu.

Á grundvelli uppfærðs deiliskipulags fyrir Spítalaveg 1-3 mun ríkið hefja opið söluferli á fasteignum innan þess svæðis undir breytta starfsemi í samstarfi við Garðabæ. Einnig er stefnt að því að hefja sölu á svokölluðu Búshúsi við Spítalaveg 5. Leitast verður við að ganga til samninga við aðila sem hefur fjárhagslega getu til að umbreyta fasteignum undir breytta

starfsemi að teknu tilliti til menningarsölulegs gildi þeirra, svo sem þjónustutengda starfsemi sem eykur aðdráttarafl svæðisins og stuðlar að mannlífi og virkni.
Við deiliskipulagsgerðina verða einnig skilgreindir sérstakir byggingarreitir fyrir atvinnustarfsemi á lóðum í nánd við Spítalaveg 1-3 og verða þeir að hluta eða öllu leyti boðnir til sölu samhliða söluferli á Spítalavegi 1-3

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi samkomulag og að fela Almari Guðmundssyni, bæjarstjóra, að undirrita samkomulagið fyrir hönd Garðabæjar.

8. **2511355 - Erindi Umhverfis- og orkustofnunar varðandi tillögu að starfsleyfi fyrir Sorpu bs. á Álfsnesi, dags. 10.11.25.**

Lagt fram.

9. **2511387 - Erindi innviðaráðuneytisins varðandi opinbera grunnþjónustu - Leiðbeiningar um mótun og framkvæmd stefna, dags. 19.11.25.**

Lagt fram.

10. **2412296 - Samantekt innviðaráðuneytisins á kortlagningu aðgerða sveitarfélaga á verkefnum á sviði umhverfismála, dags. 19.11.25.**

Lögð fram samantekt Innviðaráðuneytisins um markvissari árangur á sviði umhverfis- og loftlagsmála - kortlagning á aðgerðum sveitarfélaga.

Bæjarráð vísar samantektinni til skoðunar á umhverfissviði og til umfjöllunar í umhverfisnefnd.

11. **2511424 - Fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 14. nóvember 2025.**

Lögð fram.

12. **2511423 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi starfs- og fjárhagsáætlun SSH, dags. 20.11.25.**

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026.

13. **2511431 - Erindi frá Sögufélagi Garðabæjar, dags. 21.11.25.**

Lagt fram erindi Sögufélags Garðabæjar, þar sem lýst er yfir vilja sögufélagsins til að liðsinna Garðabæ við söfnun, varðveislu og miðlun sögulegra gagna.

Bæjarráð vísar erindinu til skoðunar hjá þjónustu- og þróunarsviði.

14. **2511271 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um innleiðingu landsbyggðarmats í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda, 175. mál., dags. 14.11.25.**

Lagt fram.

15. **2511168 - Viðauki um samræmda móttöku flóttafólks.**

Sviðsstjóri velferðarsviðs gerði grein fyrir drögum að viðauka III við samning um samræmda móttöku flóttafólks.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka III við þjónustusamning milli Félags- og húsnaðismálaráðuneytisins og Garðabæjar um samræmda móttöku flóttafólks,

þannig að einstaklingar í samræmdri móttöku verði 100 á árinu 2026.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 25. nóvember 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Rakel Steinberg Sölvadóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
44. (2192). fundur 2025

Þriðjudaginn 2. desember 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Arnar Hólm Einarsson varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Almar Guðmundsson, bæjarstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029)

Farið yfir tillögur um álagningu fasteignaskatts og þjónustugjalda ásamt tillögum um breytingar við frumvarp að fjárhagsáætlun sem verða til afgreiðslu við síðari umræðu um fjárhagsáætlun á fundi bæjarstjórnar 4. desember nk.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

2. 2106434 - Bakkaflöt 12 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Elísabetu Björnsdóttur, kt. 161268-8299, leyfi fyrir saunu á lóð og breytingu á rýmum að Bakkaflöt 12.

3. 2510267 - Draumahæð 2 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sigurfinni Sigurjónssyni, kt. 100561-3449, leyfi til að byggja kvist á suðurhlið hússins að Draumahæð 2.

4. 2510268 - Draumahæð 4 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Þórði Eggert Viðarssyni, kt. 071263-2239, leyfi til að byggja kvist á suðurhlið hússins að Draumahæð 4.

5. 2510269 - Draumahæð 6 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Magnúsi Pálma Skúlasyni, kt. 170775-4819, leyfi til að byggja kvist á suðurhlið hússins að Draumahæð 6.

6. 2507444 - Garðprýði 4 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Arnari Þórarni Barðdal, kt. 250572-5309, leyfi fyrir byggingu einbýlishúss að Garðprýði 4.

7. 2504195 - Samstarfsyfirlýsing um EXIT.

Lagt fram minnisblað Ríkislögreglustjóra og drög að samstarfsyfirlýsingu um EXIT - leið úr afbrotum. Um er að ræða þverfaglegt samstarf milli lögreglu, fangelsisýfirvalda, sveitarfélaga o.fl. sem byggist á þeirri sameiginlegu sýn að draga úr ítrekun afbrota, efla samfélagsöryggi og stuðla að heildrænni nálgun á afbrotavarnir, endurhæfingu og félagslega aðlögun. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til úrvinnslu á velferðarsviði.

8. 2503125 - Framtíðarstaðsetning þjónustumiðstöðvar Garðabæjar.

Fyrir liggur þarfagreining umhverfissviðs vegna aðstöðu fyrir þjónustumiðstöð Garðabæjar. Við nánari rýni þarfagreiningarinnar er metið að hagfelldasti kosturinn sé lóðin að Garðahrauni 1. Þar er um að ræða staðsetningu við fyrirhugaðan Álfanesveg með tengingu til austurs og vesturs. Stærð lóðarinnar er 1,5 hektari. Engin bygging er á lóðinni og byggingarreitur er 8.600 fermetrar.

Bæjarráð samþykkir að veita bjarstjóra umboð til viðræðna við lóðarhafa, ÞR Þróun ehf., um möguleg uppbyggingaráform þjónustumiðstöðvar Garðabæjar á lóðinni.

9. 2511519 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi í skötuveislu Lionsklúbbs Álfness í íþróttahúsinu Breiðumýri 27. desember.

Lögð fram umsókn Lionsklúbbs Álfness um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í íþróttamiðstöðinni á Álfnesi í tilefni af skötuveislu á Þorláksmessu 23. desember 2025. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

10. 2511520 - Styrkbeiðni ADHD samtakanna, dags. 26.11.25.

Lögð fram beiðni ADHD samtakanna um fjárstyrk.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 2. desember 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Arnar Hólm Einarsson, (sign)

Leikskólanefnd Garðabæjar
35. fundur 2025

Miðvikudaginn 19. nóvember 2025 kl. 08:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Haukur Þór Hauksson aðalmaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Finnur Jónsson aðalmaður, Tinna Borg Arnfinnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Nicoleta Mihai fulltrúi starfsmanna og Ingi Örn Jónsson fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2511249 - Skólaþjónusta Garðabæjar greiningar og tölfræði 2024-2025 leikskólar

Kristín Theodóra Þórarinsdóttir talmeinafræðingur og Margrét Björk Björgvinsdóttir sérkennslufulltrúi kynntu hlutverk, verkefni og tölulegar upplýsingar frá sérfræðiþjónustu skólaþjónustu Garðabæjar.

2. 2505520 - Gervigreindarstefna Garðabæjar

Bjarndís Fjóla Jónsdóttir verkefnastjóri í kennslu- og upplýsingatækni kynnti gervigreindarstefnu Garðabæjar. Einnig sagði hún frá áhugaverðu tilraunaverkefni í leikskólanum Hæðarbóli þar sem elstu börnin eru markvisst að læra upplýsingatækni.

3. 2509041 - Dagskrá fyrir skólahópa 2025 2026

Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi Garðabæjar kynnti menningardagskrá fyrir leikskólahópa. Auk hefðbundinna verkefna kynnti Ólöf spennandi nýjungar sem eru á dagskrá í upphafi nýs árs, Söngvavor og móttöku á Hönnunarsafni Íslands.

4. 2511251 - Beiðni um tilfærslu á skipulagsdegi Lundaból

Leikskólanefnd samþykkti færslu á skipulagsdegi fyrir leikskólann Lundaból.

5. 2405510 - Viðurkenningar í skólastarfi

Margrét Bjarnadóttir formaður leikskólanefndar fór yfir dagskrá Menntadags Garðabæjar og kynnti þau verkefni sem fengu viðurkenningu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
67. fundur 2025

Föstudaginn 21. nóvember 2025 kl. 08:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Torfi Geir Símonarson formaður, Steinunn Vala Sigfúsdóttir aðalmaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2511401 - Aðventuhátíð Garðabæjar 2025

Dagskrá Aðventuhátíðar Garðabæjar sem fer fram 29. nóvember kynnt.

2. 2511402 - Dagskrá vorannar 2026

Rætt um helstu dagskrárliði á vorönn.

3. 2501370 - Menningarstefna Garðabæjar

Eftir umræður óskar nefndin eftir álitum forstöðumanna Hönnunarsafns Íslands, Tónlistarskóla Garðabæjar og Bókasafns Garðabæjar auk Ungmennaráðs Garðabæjar. Þá verði sérfræðingur í vinnu við stefnumótun fenginn til ráðgjafar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
17. fundur 2025

Föstudaginn 21. nóvember 2025 kl. 07:30 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

2. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

3. 2010080 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðaholts og er í samræmi við tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis.

Lögð fram tillaga skipulagsstjóra að breytingu á tillögunni sem gerir ráð fyrir landnotkun fyrir samfélagsþjónustu á lóð Grænagarðs í samræmi við hugmynd um skólastarfsemi á lóðinni.

Skipulagsnefnd samþykkir með þremur atkvæðum að vísa tillögunni með ofangreindri breytingartillögu til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 36. gr. og 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynna skal tillögu samhliða tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis.

Baldur Ó. Svavarsson greiðir atkvæði gegn tillögunni. Guðlaugur Kristmundsson situr hjá.

4. 2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Garðahverfis. Tillagan hefur verið í mótun undanfarna mánuði í samráði við ábúendur í Garðahverfi.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsuppdraetti:

Almennar breytingar:

-Afmarkaðar eru lóðir utan um núverandi byggingar á svæðinu.

-Nýjum lóðum fjölgaðs alls um 6 á eftirfarandi býlum: Katrínarkoti, Hlíð, Miðengi, Görðum, Nýjabæ og Eystri-Dysjum.

-Nýjar lóðir verða um 900 m², staðsetningu og lögun lóða og byggingarreita er breytt í kjölfar samráðs eða vegna fornminja.

-Heimreiðum að nýjum lóðum er breytt.

Stígar og aðgengi:

- Bætt öryggi og aðgengi gangandi á gatnamótum Garðavegar og Garðaholtsvegar.
- Hraðalækkandi aðgerðir og göngubveranir eru tilgreindar á uppdrætti á þessu svæði.
- Afmörkuð er á uppdrætti göngubverun fyrir hraðalækkandi aðgerðir þar sem göngustígur þverar Garðaveg hjá Garðakirkju.
- Bætt er við stofnstíg samhliða Garðavegi og Garðaholtsvegi í samræmi við aðalskipulag.
- Gönguleið meðfram Garðavegi breytt í tengistíg í samræmi við flokkun í aðalskipulagi.
- Flokkun stígsins meðfram ströndinni í Garðahverfi er breytt til samræmis við flokkun hans í aðalskipulagi sem útivistarstíg. Afmörkuð er á uppdrætti göngubverun fyrir hraðalækkandi aðgerðir við upphaf sama stígs við Aukatjörn.
- Grænigarður, Garðar, Garðaholt og Krókur:
- Afmörkun deiliskipulagssvæðisins er breytt þannig að hún nær einnig yfir gömlu bæjartorfunu Höll.
- Afmörkuð er lóð við húsið Grænagarð.
- Aðkoma að Grænagarði frá kjarna Garðaholts er skilgreind á uppdrætti og bætt við leiðbeinandi legu stíga innan garðsins. Þá er skilgreindur byggingarreitur innan Grænagarðs með skilmálum fyrir lítil mannvirki sem tengjast starfsemi og rekstri almenningsgarðs s.s. fyrir áhaldageymslu, garðhýsi eða annað.
- Gert er ráð fyrir minjasvæði milli Garðakirkju og íbúðarhúss í Görðum.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsgreinargerð:

- Sett eru ákvæði um smáhýsi á lóðum.
- Hámarksgrunnflötur nýrra íbúðarhúsa verður 100 m² í stað 80 m².
- Bætt er við ákvæðum um þakgerð, gerð kvista, matjurtargarð, girðingar ofl.
- Bætt er við ákvæði um að skipulagsnefnd sé heimilt að víkja frá einstökum ákvæðum skilmála ef færð eru góð rök fyrir því að útfærslan virði einkenni byggðarinnar og markmið deiliskipulagsins.
- Kvöðum um fornleifar er breytt.
- Kvöðum um einstök býli breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsuppdrætti.
- Kvöðum og umfjöllun um Grænagarð er breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsuppdrætti og á aðalskipulagsuppdrætti.

Skipulagsnefnd samþykkir með þremur atkvæðum að vísa breytingartillögu til auglýsingar í samræmi við 41.gr. skipulagslagslaga nr. 123/2010 og sbr. 1. mgr. 43.gr. sömu laga.

Baldur Ó. Svavarsson greiðir atkvæði gegn tillögunni og Guðlaugur Kristmundsson situr hjá.

Baldur Ó. Svavarsson leggur fram eftirfarandi bókun:

"Fulltrúi Garðabæjarlistans ítrekar enn fyrri bókanið og mótmælir enn þeim áherslum og vinnubrögðum sem lögð eru til grundvallar við gerð svokallaðs skipulags fyrir Garðahverfi á Garðaholti.

Nú er það að raungerast sem undirritaður óttaðist og varaði við þegar í upphafi með bókun þegar þessi skipulagsgjörningur var kynntur og samþykktur. Þá varaði ég ítrekað m.a. við nákvæmlega því sem hér er að gerst, að húsum á bæjartorfunum sem hér fjallað um, myndi fjölga smám saman og grunnflöturinn þeirra stækka þar til framkallaðist undarlega samsett og óskipulögð þyrping húsað um öll tún á svæðinu og í framhaldi meðfylgjandi fasteigna braski í anda þekktra hverfa hér í bæ. Þá verður of seint að snú við.

Umrædd bókun var gerð á fundi skipulagsnefndar 11. janúar 2012 - hér hluti hennar:

Byggðin á svæðinu er síður en svo aðlaðandi í dag og ekkert í þessu skipulagi sem tryggir að svo verði ekki áfram um ókomin ár. Eftir einhver árabíl munu þetta þó verða verðmættar eignir þegar búskapur leggst endanlega af á svæðinu. Þá munu kröfur um aukið byggingarmagn gerast háværari. Kröfur um stærri byggingareiti og fleiri hús. Þegar ber á þessum kröfum sbr. athugasemd um skipulagið sem fylgir fundarboði. Ekkert í skipulaginu tryggir gæði þeirra nýbygginga. Þeir byggingaskilmálar sem fyrirleggja í skilmálum eru óraunhæfir og frekar í ætt við draumkennda sýn á svæðið sem einhverskonar íslenskt Amish-hverfi í anda Árbæjarsafns. Þó það sé vilji áhugamann um svæðið að frysta þarna tímann og gamalt gisið byggðamynstur,

þá er ekki víst að framtíðareigendur hafi áhuga á því markmiði.

Þessi bókun er í fullu gildi enn og á hér óþægilega vel við.

Minna má á að í upphafi var ætlunin að „vernda“ byggðina með því að heimila nokkur smáhús á hverri bæjartorfu. Hvert um sig ekki vera stærra en 60 m² að grunnfleti, kjallari hæð og ris í anda gömlu húsana í Þingholtunum. Það var falleg rómantísk draumsýn. Það kom þegar í ljós hversu ígrundað þessi sýn var, því ákveðið að breyta um kúrs og grunnflöturinn stækkaður í 70 m², á þeim sama fundi og kynnt var. Síðan hefur hann verið hífður upp í 80 m² og hefur svo verið undanfarin misseri, en ekkert gerst í uppbyggingarmálum - Í bókuninni sagði jafnframt : Hvað skýrir þann gjörning og hvað liggur að baki því að vernda byggingarétt á örfáum smájörðum í miðju höfuðborgarsvæðisins. Þessar ?jarðir? og byggingaréttur á þeim mun verða bitbein fasteiganslala og braskara eftir ekki svo mörg ár ásamt barátta fyrir frekari byggingarétti. Fleirri hús og stærri eftir því sem eigendum/erfingjum að hverri jörð fjölgar. Þarna mun myndast hiða nýja Arnarnes í Garðabæ ef fram fer sem horfir.

Nú á einmitt að fjölga lóðum og heimila mun stærri hús eða allt að 300 m² einbýli á hverri lóð. Verðmæti þessa lands sem hér um ræðir og möguleikar eru óumdeildir og er eign okkar bæjarbúa. Undirritaður hefur ítrekað hvatt bæjaryfirvöld til að reikna þetta verðmæti sem hér er fórnað sem minningarreitir á grunni verndunar svokallaðs byggðaminnsturs 20 aldar. Jafnframt hvatt til þessa að horft verði til skipulagðari og metnaðarfullri uppbyggingar og en hér er boðið upp á, nú á tímum kröfu um þéttari og arðbærari byggð. Þá verði horft til Garðholts sem heild."

Björg Fenger leggur fram eftirfarandi bókun fyrir hönd meirihlutans í skipulagsnefnd:

"Garðahverfið var deiliskipulagt í heild árið 2013 og tekur það til 85 hektara af um 250 hektara svæði Garðaholts. Í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er Garðahverfið skilgreint sem landbúnaðarsvæði þar sem lögð er áhersla á vernd menningar- og náttúruminja enda hefur þar varðveist einstakt búsetulandslag, sem á rætur allt aftur til miðalda.

Markmið breytinganna nú er að laga lóðafyrirkomulag, byggingarreiti og byggingarskilmála að þörfum uppbyggingar á svæðinu, í kjölfar samráðs við landeigendur, þannig að þeir styðji við og styrki þau verndarsjónarmið sem liggja til grundvallar deiliskipulaginu."

5. 2410080 - Hnoðraholt - Háholt - Aðalskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til háholts Hnoðraholts að lokinni auglýsingu ásamt þeim umsögnum sem borist hafa.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

6. 2409103 - Hnoðraholt-háholt, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi háholts Hnoðraholts að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

7. 2509095 - Hnoðraholt N - Dsk.br. leikskóla- og þjónustulóð

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðraholts norður ásamt þeim umsögnum sem borist hafa.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

8. 2305550 - Nýhöfn 1-5, breyting á bílastæðum

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Sjálands sem nær til lóðarinnar Nýhöfn 1-5 og svæðis vestan við lóðina að lokinni auglýsingu ásamt athugasemd sem borist hefur.

Athugasemd lýtur mest að atriðum sem varða umferð og yfirborðsútfærslu gatna og gatnamóta. Skipulagsnefnd telur að mögulegt sé að gera einhverjar úrbætur sem kalli þó ekki á breytingu deiliskipulags. Skipulagsnefnd telur að ekki sé svigrúm til þess að fella út bílastæði úr deiliskipulagi til að koma til móts við sjónarmið um greiðfærari götu í Löngulínu enda varðar það grundvallar hugmynd deiliskipulagsins.

Skipulagsnefnd vísar athugasemd til umhverfissviðs til skoðunar.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna óbreytta frá auglýstri tillögu sem breytingu á deiliskipulagi Sjálands í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. 2409044 - Mávanes 13 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Arnarness sem nær til lóðarinnar Mávanes 13 að lokinni auglýsingu. Athugasemdir sem borist hafa lagðar fram.

Tillögu og athugasemdum vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði.

10. 2510260 - Sunnakur 5 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa að Sunnakri 5 um útfærslu á þaki ofan á steypa skjólveggi við íbúðarhúsið.

Skipulagsnefnd bendir á að skjólveggir hafa verið reistir utan lóðar og á það við um það svæði sem rætt er um.

Skipulagsnefnd getur ekki fallist á að gerð séu smáhýsi utan lóðar án deiliskipulagsferlis.

11. 2509269 - Tónlistarskóli - Kirkjulundur - dsk br.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Miðbæjar sem nær til lóðar tónlistarskóla við Kirkjulund að lokinni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna sem breytingu deiliskipulags Miðbæjar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

12. 2411312 - Hrísholt 1 - Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að nýju að lokinni grenndarkynningu. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundi með þeim sem gert hafa athugasemdir.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði.

13. 2504023 - Stekkholt 6 - Umsókn um byggingarleyfi

Lagðir fram uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi sé veitt sem er í samræmi við framlagða uppdætti.

14. 2409217 - Stekkholt 22 - Umsókn um byggingarleyfi

Lagðir fram að nýju uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi. Skipulagsnefnd ítrekar fyrri bókun vegna málsins.

15. 2511026 - Urriðaholtsstræti 3 - Bílastæði í kjallara

Lögð fram fyrirspurn hönnuðar fyrir hönd lóðarhafa um útfærslu bílastæða á lóð. Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar um fyrirspurn en þar segir: Ekki er lagst gegn því að bílastæðum neðanjarðar sé fjölgað né því að byggingarheimildir neðanjarðar séu auknar að því gefnu að bílakjallari sé innan byggingarreits.

Skipulagsnefnd tekur undir umsögn deiliskipulagshöfundar.

16. **2510379 - Nónhæð. Nónsmári 1-17. , nr. 1431/2025: Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)**
Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir engar athugasemdir við tillöguna.
17. **2506035 - Vesturhraun 3 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**
Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir stækkun á atvinnubyggingunni að Vesturhrauni 3 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi tillögu að breytingu deiliskipulags Molduhrauns til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu þegar sótt hefur verið um breytinguna og viðeigandi gögn lögð fram.
18. **2407389 - Auglýsingaskilti í Garðabæ - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**
Skipulagsnefnd vísar fyrirspurn og umsögn Vegagerðarinnar til næstu endurskoðunar aðalskipulags sem mun fjalla um stefnu Garðabæjar um skilti og merkingar.
19. **2404497 - Skilti við Vífilsstaði/Reykjanesbraut - Stjarnan**
Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir gerð auglýsingaskiltis í landi Vífilsstaða við Reykjanesbraut og norðan Vífilsstaðalækjar. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundi með þeim sem athugasemdir gerðu. Skipulagsnefnd vísar málinu til skoðunar hjá umhverfissviði.
20. **2510073 - Breyting á greinargerð aðalskipulag Hafnarfjarðar vegna Flensborgarhafnar, nr. 1257/2025: Lýsing**
Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.
21. **2510434 - Nýtt aðalskipulag Hafnarfjarðar 2025-2040, nr. 1446/2025 -Lýsing**
Stefán Thors aðalskipulagsráðgjafi hjá VSÓ gerði grein fyrir tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, á síðasta fundi skiplagsnefndar, sem hefur verið vísað til forkynningar.
Embættismenn og ráðgjafar Garðabæjar og Hafnarfjarðar hafa undanfarið verið í gagnlegu samráði vegna tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar sem nær til stígakerfis sem er því í mótun beggja vegna sveitarfélagsmarka.
Garðabær ítrekar þær athugasemdir sem skipulagsstjóri Garðabæjar gerði við tillögu að breytingu Aðalskipulags Hafnarfjarðar og nær til Hrauns vestur en þar segir m.a.:
"Þær skipulagsbreytingar sem boðaðar eru í tillögu að rammahluta aðalskipulags Hafnarfjarðar sem nær til Hrauna vestur eru mjög umfangsmiklar svo vægt sé til orða tekið. Garðabær telur jákvætt að byggðin styrki áform um öflugar almenningssamgöngur um samgöngu-og þróunarás um Hafnarfjarðarveg en hefur um leið áhyggjur af stöðu mála hvað áhrif á umferðarkerfi varðar. Á meðan að ekki liggur fyrir stefna um útfærslur á stofnbrautakerfinu sem tengir saman Hafnarfjarðarveg, Álftanesveg, Reykjanesbraut og Flóttamannaveg er erfitt að taka afstöðu til þátta eins og byggingarmagns, íbúðafjölda, umferðarflæðis og landnotkunar almennt. Tekið er undir tillögu svæðisskipulagsnefndar um að áhersla sé lögð á mikilvægi þess að í komandi skipulags-og uppbyggingarferli sé virkt samtal við Vegagerðina og nærliggjandi sveitarfélögum um hönnun og útfærslu aðgerða sem líklegar eru til að draga úr álagi skv. samgöngumati."
- Skipulagsnefnd hefur ekki frekari ábendingar á þessu stigi en áskilur sér allan rétt til þess að gera það á síðari stigum aðalskipulagsferlis.

22. 2309496 - Sundabraut - Stofnbraut, nýr þjóðvegur í Reykjavík, nr. 0622/2023: Kynning tillögu á vinnslustigi (Breyting á aðalskipulagi)

Lögð fram drög að mögulegum breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna hönnunar og útfærslu Sundabrautar og umhverfismats framkvæmdarinnar. Um forkynningu skipulagsbreytinga er að ræða og á þessu stigi eru settir fram tveir megin valkostir um útfærslu Sundabrautar - brú eða göng um Kleppsvík- auk þess sem ýmis afbrigði hönnunarlausna eru sett fram á völdum köflum leiðarinnar. Fjallað er með ítarlegum hætti um þessa mismunandi kosti og hönnunarlausnir í umhverfiskýrslu framkvæmdarinnar, sem er kynnt samhliða (fylgiskjal II, Efla) og í umhverfismati VSO-ráðgjafar um áhrif aðalskipulagsbreytinga (fylgiskjal I). Að lokinni kynningu umhverfisskýrslu framkvæmdarinnar og forkynningu aðalskipulagsbreytinga, verður mótuð formleg tillaga að breytingu á aðalskipulagi, sem lýsir endanlegri legu og útfærslu Sundabrautar. Ákvörðun um endanlega útfærslu Sundabrautar í aðalskipulagi, mun m.a. byggja á niðurstöðum umhverfismatsins, sjónarmiðum sem koma fram í kynningarferlinu framundan og nánara samkomulagi borgar og ríkis.

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir kynningarfund 20. nóvember sl. sem haldinn var á vegum svæðisskipulagsstjóra þar sem farið var yfir tillögur að aðalskipulagsbreytingu og mati á umhverfisáhrifum. Á þeim fundi kom fram að þeir valkostir sem staðið er frammi fyrir varðandi brú eða göng undir Kleppsvík hefur ekki mismunandi áhrif á umferð um Hafnarfjarðarveg eða Reykjanesbraut.

Skipulagsnefnd hefur ekki ábendingar varðandi verkefnið á þessu stigi.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
35. fundur 2025

Miðvikudaginn 26. nóvember 2025 kl. 08:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sjálandsskóla.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Anna María Skúladóttir fulltrúi skólastjóra og Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2510244 - Menningarviðburðir í grunn- og leikskólum 2025-2026

Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi Garðabæjar, sagði frá menningarviðburðum sem nemendum í skólum bæjarins verður boðið upp á, skólaárið 2025-2026. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með metnaðarfulla dagskrá.

2. 2505520 - Gervigreindarstefna Garðabæjar

Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, verkefnisstjóri kennslu- og upplýsingatækni kynnti gervigreindarstefnu Garðabæjar.

3. 2405510 - Viðurkenningar í skólastarfi

Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður skólanefndar fór yfir dagskrá Menntadags Garðabæjar og kynnti þau verkefni sem fengu viðurkenningu. Umræður voru um fyrirkomulag Menntadagsins, áherslur og þróun dagskrár.

4. 2510245 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026

Umræður voru um áherslupætti vegna úthlutunar úr Þróunarsjóði grunnskóla 2026. Formanni skólanefndar og fræðslu- og menningarsviði er falið að útfæra áherslur og auglýsa.

5. 2511443 - Erindi til skólanefndar frá Sjálandsskóla

Skólanefnd samþykkti beiðni Sjálandsskóla um færslu á skólaslitadegi frá 10. júní til eftirmiðdags 9. júní, vegna námsferðar starfsfólks skólans. Skólaslit fara fram eftir skólalok þann 9. júní. Skólastjóra Sjálandsskóla er falið að upplýsa forráðafólk um breytinguna.

6. 2511429 - Kynning og samtal við skólastjórnendur Sjálandsskóla

Skólanefnd þakkar skólastjórnendum Sjálandsskóla fyrir áhugaverða kynningu og lýsir ánægju sinni með að kynnast skólanum og skólastarfinu með þessum hætti.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Velferðarráð Garðabæjar

10. fundur 2025

Föstudaginn 21. nóvember 2025 kl. 08:15 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Snædís Björnsdóttir lögfræðingur.

Fundargerð ritaði: Snædís Björnsdóttir, lögfræðingur.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2509074 - Sameiginlegur fundur félagsmálanefnda sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um málefni heimilislausra**

Sameiginlegur fundur félagsmálanefnda Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur og Seltjarnarness um málefni heimilislausra. Fyrir hönd velferðarráðs Garðabæjar mættu Sturla Þorsteinsson, aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, aðalmaður, Tamar Lipka Klara Þormarsdóttir, varamaður og Berglind Víðisdóttir, varamaður. Fundinn sátu fyrir hönd Garðabæjar einnig Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Snædís Björnsdóttir, lögfræðingur, sem ritaði fundargerð. Fundurinn var haldinn að frumkvæði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Samþykkt var sameiginleg ályktun fundarins, svohljóðandi:

"Miklar framfarir hafa átt sér stað í þjónustu við heimilislausa einstaklinga með miklar og flóknar þjónustufarir á undanförunum árum. Aukin áhersla hefur verið lögð á kortlagningu og greiningu á notendahópi, aukið notendasamráð og nýsköpun í þróun á þjónustuleiðum fyrir einstaklinga með mismunandi þjónustufarir. Reykjavíkurborg hefur leitt þá vinnu og verið styðjandi við önnur sveitarfélög. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að Reykjavíkurborg ber meginþungann af kostnaði vegna málaflokksins og hefur leitast eftir aukinni samvinnu annarra sveitarfélaga. Sveitarfélögin í Kraganum eru hvert og eitt með samstarfssamning við Reykjavíkurborg um nýtingu á neyðarþjónustu. Þá hafa þau unnið að uppbyggingu þjónustunnar í málaflokknum í sínum sveitarfélögum. Brýnt er að sveitarfélög fari í formlegt samstarf um aðra þjónustu sem byggir á sérhæfingu og þekkingu sem myndast hefur á undanförunum árum hjá borginni, svo sem hjá Vettvangs- og ráðgjafateymi.

Sameiginlegur fundur félagsmálanefnda á höfuðborgarsvæðinu skorar á ríkið að móta stefnu í málaflokknum til framtíðar og leggur áherslu á að ríkið komi meira að fjármögnun hans. Þá leggur fundurinn einnig áherslu á að unnið verði áfram að framþróun málaflokksins hjá hverju og einu sveitarfélagi og þar verði m.a. stuðst við skýrslu um málefni heimilislausra sem gefin var út í mars 2023 á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu."

2. **2101189 - Samráðsfundir velferðarsviða hjá SSH**

Fundargerð samráðshóps SSH um velferðarmál frá nóvember 2025 lögð fram til kynningar.

3. **2511168 - Endurnýjun samnings um samræmda móttöku flóttafólks 2026 - Drög að viðauka**

Farið yfir minnisblað sviðsstjóra tengt drögum að viðauka við þjónustusamning vegna

samræmdrar móttöku flóttafólks. Velferðarráð fjallar um málið og leggur til að skrifað verði undir viðaukann þar sem samþykkt verði að þjónusta 100-110 einstaklinga í samræmdri móttöku á árinu 2026.

4. 2510357 - Gæðaviðmið fyrir félagsþjónustu

Farið yfir drög að gæðaviðmiðum í félagsþjónustu og sameiginlega umsögn sveitarfélaga til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

5. 2511361 - Drög að frumvarpi til nýrra barnaverndarlaga

Drög að frumvarpi til nýrra laga um barnavernd lögð fram til kynningar og umræðu.

6. 2511186 - Frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn

Lagt fram til umræðu og kynningar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð
4. fundur 2025

Mánudaginn 24. nóvember 2025 kl. 08:00 kom öldungaráð saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Eysteinn Haraldsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmadóttir aðalmaður, Anna Ragnheiður Möller aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Margrét Björnsdóttir aðalmaður, Sæbjörg Einarsdóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu og Sólveig Valgeirsdóttir forstöðumaður.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2309191 - Kynning á félagsstarfi fyrir eldra fólk í Jónshúsi og Smiðjunni

Sólveig Valgeirsdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðva eldra fólks í Garðabæ fór yfir starfið framundan í Jónshúsi og Smiðjunni.

2. 2403474 - Hönnun - Útboð - Lambamýri fjölnota aðstaða fyrir eldri borgara

Sviðsstjóri velferðarsviðs og forstöðumaður félagsmiðstöðva eldra fólks kynntu stöðu verkefnis.

3. 2508367 - Ísafold - Fjölgun hjúkrunarrýma

Farið yfir bókun bæjarráðs, dags. 28.10.2025 um fjölgun hjúkrunarrýma á Ísafold úr 60 í 64, ásamt fylgiskjöllum tengt teikningum og kostnaðaráætlun. Öldungaráð lýsir yfir ánægju með fyrirhugaðar framkvæmdir þar sem fjölgun hjúkrunarrýma sé brýnt verkefni.

4. 2502547 - Íbúðaþing eldra fólks 2025

Farið yfir minnisblað tengt undirbúningi fyrir vinnustofu/íbúðaþing í málefnum eldra fólks 2026 og samsetningu vinnuhóps sem kemur að undirbúningi verkefnisins.

5. 2503150 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun 2025 -2026

Farið yfir þau verkefni sem eru framundan og lagt er upp með í aðgerðaráætlun eldra fólks haust 2025 og vor 2026.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

39. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 24.11.2025

Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Örvar Jóhannsson varamaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Háholt Hnoðrahólts - deiliskipulagstillaga

Tillagan gerir alls ráð fyrir 77 íbúðareiningum, þar af 26 einbýlishúsum, 41 raðhúsaeiningu, 2 parhúsaeiningum og 8 fjölbýliseiningum, ýmist á einni eða tveimur hæðum. Auk þess er gert ráð fyrir lóð fyrir leikskóla og búsetukjarna. Megináhersla deiliskipulagsins er að skapa lágreista og upp brotna íbúðabyggð sem fellur að landinu á háholti og niður hlíðarnar í suðurhluta Hnoðrahólts.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir. Vekur þó athygli á að hljóðvistarkort vantar í greinargerðina og leggur heilbrigðiseftirlitið áherslu á að hljóðvarnir séu meðfram stofnvegum þar sem það á við, þannig að hávaði frá umferð sé innan marka sem kveðið er á um í reglugerð um hávaða. Mjög góð umfjöllun er um ofanvatn, en frárennsli regnvatns frá Hnoðraholti mun renna í Arnarneslæk vestan við Reykjanesbraut. Leggja þarf áherslu á að íbúar séu ekki að nota spilliefni við þvott á bifreiðum við hús eða í húsagötum, þar sem hætta er á að slík efni skaða lífríki lækjarins.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

2. Dagskrárliður: Ísallínur 3&4 - niðurstaða Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrslu

Lögð fram til kynningar álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Heilbrigðiseftirlitið sendi inn umsögn.

Um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir að mestu leyti á og við skilgreint iðnaðarsvæði í Hafnarfirði og ber framkvæmdasvæðið að stórum hluta merki mannlegra athafna. Línur verða vel sýnilegar úr næsta nágrenni, m.a. frá Vallarhverfi sem er það íbúðarhverfi sem stendur næst framkvæmdasvæðinu. Gömlu Ísallínurnar 1&2 verða fjarlægðar og að mati Skipulagsstofnunar munu áhrif nýju línanna á ásynd og landslag verða mjög sambærileg séð frá völdum sjónarhornum, þrátt fyrir annars konar möstur. Stofnunin telur að með tilliti til sýnileika sé stigs- frekar en eðlismunur á þeim línuvalkostum sem Landsnet leggur fram þó að um sé að ræða mismunandi útfærslur mastra. Áhrif Ísallína 3&4 á ásynd verða nokkuð neikvæð, burt séð frá valkostum, vegna nálægðar við þéttbýli og

fjölfarnar leiðir. Þá er ljóst að línurnar munu liggja um eldhraun sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd en hraunin eru mikið röskuð þó að á milli séu tiltölulega öröskuð hraunsvæði. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er ítarleg og er hægt að nálgast hana á skipulagsgáttinni.

Lagt fram til kynningar.

3. Dagskrárliður: Borgarlína í landi Blikastaða

Skipulagslýsingin fjallar um fyrirhugað vegstæði Borgarlínu í Mosfellsbæ, á um 850 metra kafla milli Korpúlfsstaðavegar og fyrsta áfanga Blikastaðalands. Markmið verkefnisins er að tryggja samfellda tengingu hraðvagnakerfisins milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar og stuðla að sjálfbærum samgöngum, vistvænni uppbyggingu og betra aðgengi fyrir gangandi og hjólandi.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

4. Dagskrárliður: Lýsing á tillögu um miðsvæði 116M við Bjarkarholt, Mosfellsbæ

Breytingartillagan tekur til miðsvæðis í Bjarkarholti, reitur sem afmarkast af Langatanga, Skeiðholt, Þverholt og Háholt, þar sem stefnt er að endurskoða uppbyggingu til að styðja við þéttingu byggðar og fjölbreyttari búsetukort í miðbæ Mosfellsbæjar. Gildandi aðalskipulag gerði ráð fyrir takmarkaðri uppbyggingu í samræmi við deiliskipulag 2010. Breytingin felur í sér endurskoðun á þessum heimildum og uppfærslu á fjölda íbúða í takt við þróun síðustu ára. Svæði aðalskipulagsbreytingar er 24.4 ha.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða þéttingu, en vekur athygli á að einungis er gert ráð fyrir að hljóðvistarlausnir gagnvart umferð frá Bjarkarholti og Vesturlandsvegi verði skoðaðar við hönnun íbúða. Til að tryggja gott sambýli íbúða, verslunar og þjónustu, er mikilvægt að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar og mikilvægt er að aðgreina sameignir íbúða og atvinnutengdra rýma. Þá er mikilvægt að fram komi í skipulagi ákvæði um opnunartíma verslana og þjónusturýma sem eru í nálægð við íbúðir, þannig að tryggt sé að ekki skapist ónæði og hávaði á þeim tíma sem gert er ráð fyrir að íbúar eigi rétt á kyrrð samkvæmt ákvæðum hávaðareglugerðar. Heilbrigðiseftirlitið hvetur sveitarfélagið til að gera ítarlegar kröfur á framkvæmdatíma um hljóðvarnir og tímalengd framkvæmda, þannig að íbúar nærliggjandi svæða hafi góðan fyrirsjáanleika á því ónæði sem uppbygging á svæðinu kemur til með að valda. Þá tekur heilbrigðiseftirlitið undir þær athugasemdir sem fram koma um grænbláa innviði og ofanvatn, að finna þarf lausnir til að hreinsa ofanvatn, en bílakjallarar og mikil þétting svæðisins skerða náttúrulegt yfirborð lands, þannig að flóknara er að koma upp settjörnum eða öðrum náttúrulegum lausnum til hreinsunar ofanvatns

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

5. Dagskrárliður: Tjarnavegur 57 við Silungatjörn, Mosfellsbæ

Tillagan felur í sér skipulag einnar lóðar með aðkomu frá Tjarnavegi við norðanverða Silungatjörn. Landið er 1,49 ha að stærð og eru byggingarheimildir í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags. Samanlagt flatarmál er 200 m² og mesta hæð húsa 7,5 m.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Í skipulags- og byggingarskilmálum kemur fram að lóðin sé á fjarsvæði vatnsverndar. Samkvæmt núgildandi vatnsverndarkorti fyrir höfuðborgarsvæðið þá er lóðin ekki á fjarsvæði vatnsverndar. Að mati heilbrigðiseftirlits þarf engu að síður að gera grein fyrir fráveitu á teikningum, þ.e. staðsetningar rotþróar auk siturlagna. Reikna þarf stærð rotþróar og fyrirkomulag siturlagna í samræmi við fyrirhugaða stærð og notkun húsnæðis og leita samþykkis heilbrigðiseftirlits

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

6. Dagskrárliður: Lyngholtsvegur í Mosfellsbæ, frístundabyggð

Tillagan felur í sér skipulag fjögurra nýrra frístundahúsalóða með aðkomu frá Lynghólsvogi. Lóðirnar eru frá 7.000-8.344 m² að stærð og byggingarheimildir í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags og mesta hæð húsa 7,5 m.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Vakin er athygli á því að lóðirnar eru á öryggissvæði vatnsverndar og eru allar framkvæmdir óheimilar nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum á svæði öryggissvæði vatnsverndar skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda, skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

7. Dagskrárliður: Krókavegur 19 í Mosfellsbæ

Tillagan felur í sér skipulag þriggja nýrra frístundahúsalóða með aðkomu frá Krókavegi. Lóðirnar eru frá 5.000-6.740 m² að stærð og byggingarheimildir í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags og mesta hæð húsa 5 m.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Eins og fram kemur í tillögunni þarf að gera grein fyrir rotþróm og fráveitulögnum fyrir viðkomandi lóðir og skulu stærð þeirra uppfylla kröfur sem fram koma í leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar (desember 2024) ásamt teikningum af siturlögnum. Jafnframt ætti að gera grein fyrir hvaðan neysluvatn er fengið. Ef það er tekið á viðkomandi lóð/lóðum með brunni eða borholu ætti að merkja inn staðsetningu mannvirkis.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

8. Dagskrárliður: Helgadalssvegur 51, Mosfellsbæ

Tillagan felur í sér skipulag íbúðar- og gestahúss Mosfellsdal á blönduðu svæði íbúða- og landbúnaðarlands, þéttbýli. Byggingarheimildir fela í sér nýtt 189 m² íbúðarhús, 60 m² bílskúr, 50 m² gestahús (núverandi sumarhústaður) og 100 m² gróðurhús

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við hana.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

9. Dagskrárliður: Óskotsvegur 41, byggingarleyfi

Tillagan felur í sér 38 fm stækkun frístundahúss við norðvestanvert Hafravatn.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við útgáfu byggingarleyfis. Vakin er athygli á að staðsetning fráveitu (rotþróar) á að koma fram á lóðarblaði auk upplýsinga um fyrirkomulag siturlagna. Á það sérstaklega við þegar um er að ræða nálægð hreinsivirkis við viðkvæman viðtaka eins og Hafravatn. Jafnframt ætti að gera grein fyrir hvaðan neysluvatn er fengið. Ef það er tekið á viðkomandi lóð með brunni eða borholu ætti að merkja inn staðsetningu mannvirkis.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

10. Dagskrárliður: Röðull, Mosfellsbæ

Tillagan felur í sér að rífa núverandi gróðurhús og byggja þess í stað einnar hæðar 240,0 m² hús með íbúð, í samræmi við framlögð gögn.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við útgáfu byggingarleyfis. Að mati heilbrigðiseftirlit þarf að gera grein fyrir fráveitu á teikningum, þ.e. staðsetningu rotþróa auk siturlagna. Reikna þarf stærð rotþróa og fyrirkomulag siturlagna í samræmi við fyrirhugaða notkun húsnæðis. Á fráveituteikningu þarf einnig að gera grein fyrir hvernig fyrirhugað er að tæma vatn úr sundlaug. Ef klór er notaður í sundlaug þarf losun sundlaugarvatns að geta farið fram án þess að raska lífríki Suðurár.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

11. Dagskrárliður: Efstaland 1, deili- og aðalskipulagsbreyting

Tillagan felur í sér breytingu á deili- og aðalskipulagi þannig að heimiluð verði blönduð landnotkun á lóðinni Efstaland 1 í Helgafellshverfi, með 20 íbúðum á efri hæðum og nærþjónustu á jarðhæð. Markmiðið er að styrkja hlutverk svæðisins sem nærþjónustu kjarna í sjálfbæru hverfi með betri nýtingu innviða og vistvænum samgöngum. Með blöndu íbúða, þjónustu og verslunar er stuðlað að fjölbreyttri byggð og líflegu borgarrými sem minnkar þörf á bílaferðum.

Ekki er fyrir séð hverskonar starfsemi verður í umræddu húsnæði. Uppbygging íbúða ofan verslunar- og þjónustuhúsnæðis getur leitt til ákveðinna vandkvæða. Í ljósi þess þá vill heilbrigðiseftirlitið benda á eftirfarandi þætti sem mikilvægt er að horft verði til í nýju deiliskipulagi og uppbyggingu innan umræddrar lóðar við Efstaland 1.

1. Huga að hávaða sem borist getur milli hæða.
2. Huga að loftræstingu, mengunarvarnarbúnaði t.d. vegna lyktar.
3. Vöruafgreiðsla, kvaðir um tímasetningar til að fyrirbyggja ónæði.
4. Skipuleggja sörpgeymslur með hliðsjón af blandaðri starfsemi.
5. Gæta að aðgreiningu sameigna íbúða frá atvinnutengdum rýmum.
6. Setja ákvæði um opnunartíma verslana og þjónustu.

Nánar er gerð grein fyrir ábendingum HEF í umsögninni.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

12. Dagskrárliður: Hestaumferð við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði

Lögð fram beiðni frá Umhverfis- og framkvæmdaráði Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. nóvember sl. þar sem óskað var umsagnar heilbrigðiseftirlits á umferð hestamanna í og við Hvaleyrarvatn.

Hvaleyrarvatn er 1-2 m á dýpt þar sem það er dýpst og liggur í dalkvos sem er umvafin grágrýtishryggjum á þrjá vegu, Vatnshlíð, Húshöfða og Selhöfða og hrauni að einum, Selhrauni sem lokar fyrir afrennsli vatns úr kvosinni. Umhverfi þess er viðkvæmt og vatnið frekar snautt og vatnsskipti fremur hæg og er hætt á að umferð hesta geti raskað viðkvæmum gróðri á bökkum og botngróðri, sem er mikilvægur veiðistaður fugla. Hægt er að njóta útivistar við Hvaleyrarvatn allt árið um kring. Hafnarfjarðarbær hefur lagt áherslu á að bæta aðgengi við vatnið þannig að allir geti notið þeirra náttúrugæða sem þar er að finna. Þá hefur Skógræktarfélag Hafnarfjarðar stundað skógrækt við vatnið um árabil og er því viðkvæmur gróður og sjaldgæfar trjátegundir þar að finna. Að mati heilbrigðiseftirlitsins er æskilegt að takmarka aðgengi hesta að Hvaleyrarvatni eins og mögulegt er með hliðsjón af umhverfisþáttum og þeirrar einstöku náttúru sem þar er að finna. Þá skapar umferð hestamanna hættu ef slík umferð er of nálægt skipulögðum svæðum þar sem börn og unglingar eru að leik.

Heilbrigðisnefnd tekur undir umsögnina.

13. Dagskrárliður: Áform atvinnuvegaráðherra um sameiningu stofnanna

Atvinnuvegaráðherra kynnti á fundi með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlita dags. 17.11.2025 að hún hyggst leggja fram á vörpingi 2026 frumvarp sem felur í sér að Matvælastofnun, Fiskistofa og Verðlagsstofa skiptaverðs verði sameinaðar í eina stofnun. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að verkefni heilbrigðiseftirlita sem nú eru á hendi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, færist til hinnar nýju stofnunar.

Frumvarpinu er ætlað að vera liður í áætlun stjórnvalda um einföldun stjórnsýslu og skilvirkri, gangsaerri þjónustu, stafrænum umbótum til að stuðla að vaxtarmöguleikum atvinnulífsins.

Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrri bókun sína um andstöðu við þær hugmyndir stjórnvalda að færa allt eftirlit sem nú er á forræði heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, til ríkisins. Skynsamlegra sé að veita þessa þjónustu í nærsamfélaginu á sveitarstjórnarstigi, en um leið gera þá kröfu til stjórnvalda og þeirra yfirstofnana sem fara með þessa málaflokka að þau fylgi þeim lögum og reglugerðum sem gilda um opinbert eftirlit, s.s. með gerð tölvukerfa, aukinni samræmingu, leiðbeiningum og þeim þáttum sem yfirstofnun og ráðuneytum er falið.

14. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 19. nóvember 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 19. nóvember sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

15. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 12. nóvember 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 12. nóvember sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

16. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 5. nóvember 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 5. nóvember sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

17. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 29. október 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 29. október sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

Undirskrift fundargerðar

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Örvar Jóhannsson varamaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**618. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 17. nóvember 2025
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Umræður um stöðu mála hvað varðar stofnun nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Gestir

Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður LMG.

Niðurstaða:

Umræður

2. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 141. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 7. nóvember 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

3. Sorpa - Góði hirðirinn - 2511004

Á 521. fundi stjórnar SORPU var lagt fram minnisblað um fjárhagsleg áhrif reksturs Góða hirðisins á starfsemi endurvinnslustöðva SORPU.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

4. Önnur mál - 2110011

Umræður um málaflokk þjónustu við fatlað fólk og fjármögnun hennar.

Niðurstaða:

Ákveðið að óska eftir því að formaður stjórnar og framkvæmdastjóri Sambandsins komi á næsta fund stjórnar undir umræðu um þau mál.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2025, miðvikudaginn 19. nóvember var haldinn 432. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:54.

Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Andri Sveinn Hilmarsson Kópavogi, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Bjarni Th. Bjarnason Garðabæ tók sæti á fundinum með rafrænum hætti.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á hugmyndum á næstu skrefum tengt framkvæmdum á skíðasvæðunum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Umræður.

2. Lögð fram drög að þjónustukönnun sem lögð verður fyrir korthafa Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.
Frestað.
3. Staðan í fjöllumunum.
Frestað.

Fundi slitið kl. 10:05.

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson
Kristín Thoroddsen
Bjarni Th. Bjarnason

Magnús Örn Guðmundsson
Sævar Birgisson